





JAFNRÉTTI GAGNAST OKKUR ÖLLUM

Baráttan fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna og stúlkna hefur staðið lengi og þó jákvæðar breytingar hafi átt sér stað á ýmsum sviðum, krefjast málefni kvenna þess að þau séu tekin þeim mun fastari tókum ef raunverulegt jafnrétti á að nást fyrir 2030, líkt og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna kveða á um. Ójöfnuðurinn á sér margar birtingarmyndir og ýmsar orsakir. Til að mynda eru konur og stúlkur sérstaklega berskjaldaðar fyrir allri náttúruvá af völdum loftslagsbreytinga sökum stöðu sinnar. Konur í fátækari ríkjum heims bera nú þegar byrðarnar af loftslagsbreytingum. Því það eru fyrst og fremst konur sem reiða sig á og strita við landrækt og ganga daglega langar vegalengdir eftir vatni og eldsneyti eða öðrum orkugjöfum. Þegar samfélög glíma við uppskerubrest, eru konur þær fyrstu til að líða skort og um leið eykst tíðni þvingaðra barnahjónabanda, en fjölgun þeirra stafar af sárafátækt. Þá hafa rannsóknir sýnt að konur eru líklegri til að deyja í kjölfar náttúruhamfara en karlar.



UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur eingöngu að jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna um heim allan. Öll verkefni UN Women miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum, efla réttindi þeirra og tryggja að þörfum þeirra sé mætt á neyðar- og hamfarasvæðum. UN Women á Íslandi er ein tólf landsnefnda í heiminum sem gegna því hlutverki að vekja fólk til vitundar um stöðu kvenna og jafnréttis í heiminum sem og afla fjár til verkefna UN Women. Starfsemi UN Women á heimsvísu byggir eingöngu á frjálsum fjárframlögum aðildaríkja SP (en þess má geta að fjárframlag íslenskra stjórnvalda til stofnunarinnar er langhæst miðað við höfðatölu), einkaaðila og frjálsra félagasamtaka.

Verkefni UN Women eru gríðarlega mikilvæg í baráttunni við að koma á raunverulegu og varanlegu jafnrétti – nokkuð sem ætti að vera baráttumál okkar allra. Því jafnrétti gagnast ekki aðeins konum og stúlkum, heldur hagnast samfélagið allt þegar konur fá tækifæri til að mennta sig, afla sér tekna og fá að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatökum ríkja.



EFNISYFIRLIT

Útgefandi: UN Women á Íslandi
 Forsiðumynd: Allan Sigurðsson
 Myndir: Laimonas Baranauskas, Allan Sigurðsson,
 Saga Sig og myndir úr safni UN Women
 og Sameinuðu þjóðanna.
 Uppsetning: Litróf - umhverfisvottuð prentsmiðja

UN Women á Íslandi • Laugavegi 176, 5. hæð
 105 Reykjavík • Sími 552 6200 • www.unwomen.is

Ávarp utanríkisráðherra	3	Vitundarvakning	12
Ávarp formanns	4	Fjármál	14
Fjáröflun	5	Samstarf við utanríkisráðuneytið	16
Ljósberar UN Women	6	Overview	17
Kynningarstarf og fræðsla	8		



ÁVARP UTANRÍKISRÁÐHERRA

Íslendingar standa vel á sviði jafnréttismála en atvinnuþátttaka kvenna er með því hæsta sem þekkest í heiminum, konur sinna forystuhlutverkum í samfélaginu og ellefta árið í röð mælist jafnrétti kynjanna hér það mesta í heiminum samkvæmt mælingum Alþjóðaefnahagsráðsins. Sterk staða Íslands á sviði jafnréttismála veitir okkur hljómgrunn á alþjóðavettvangi og við tökum ábyrgðarhlutverki okkar alvarlega. Jafnrétti kynjanna er hornsteinn Íslenskrar utanríkisstefnu og hefur verið leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands um árabíl. Þessi áhersla var staðfest á dögum þegar niðurstöður árlegrar könnunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC) á þróunarsamvinnu sýndi að yfir 80% af þróunarsamvinnu Íslands er á marktækan hátt ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Ég er sannfærður um að árangursríkasta leiðin til sjálfbærrar þróunar samfélaga er samstarf og aðstoð, þátttaka beggja kynja og virðing fyrir grundvallarmannréttindum fólks.

UN Women hefur vaxið og dafnað frá því að stofnuninni var komið á fót og á sama tíma glímt við margar áskoranir, en hefur jafnframt tekist að verða ein af lykilstofnunum Sameinuðu þjóðanna á aðeins tæpum tíu árum. Ég er stoltur af því að Ísland hefur staðið þétt við bakið á UN Women á þessum mikilvægu mótunarárum. Fjárframlag Íslands til stofnunarinnar er langhæst miðað við höfðatölu, við höfum stutt stofnunina með útsendum íslenskum sérfræðingum, átt sérlega gott samstarf við UN Women um hin ýmsu verkefni og ekki síst tel ég að við höfum sýnt öðrum ríkjum gott fordæmi með því að gera UN Women að einni af þremur áherslustofnunum í þróunarsamvinnu.

Árið 2020 verða 25 ár liðin frá kvennaráðstefnunni í Peking, þar sem framkvæmdaáætlun um jafnrétti var samþykkt, en hún hefur síðan þá verið leiðarljós fyrir ríki heimsins í átt að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og stúlkna. Ég vil þakka UN Women fyrir að leiða mikilvæga vinnu árið 2019 þegar stofnunin leiddi stöðutöku á aðgerðaáætlun

Pekingsáttmálans, og fyrir frumkvæði að því að leiða saman ríki heimsins til að vinna markvisst að framförum í þeim málefnasviðum sem helst brennur á að ná auknum árangri í gegnum *Generation Equality Forum*. Íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt um stuðning sinn við þann vettvang og við erum reiðubúin að leiða áframhaldandi framgang á þessu sviði.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti tíma- mótaályktun númer 1325 árið 2000. Þá áréttaði öryggisráðið í fyrsta sinn að átök og ófriður hafa ólík áhrif á konur og karla, mikilvægi þátttöku kvenna í friðarviðræðum og uppbyggingu samfélaga sem og að konur spili mikilvægt hlutverk í að viðhalda friði í samfélögum og fyrirbyggja átök. Á þessum 20 árum hefur eðli hugtakanna „friður“ og „öryggi“ breyst úr því að eiga við um samfélög án vopnaðra átaka og ótta við ofbeldi, yfir í að mannréttindi allra séu virt og að lífsgæði séu ásættanleg. Þetta eru mál sem Ísland lagði áherslu á í setu sinni í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna en jafnréttismál voru ávallt í forgrunni í málflutningi okkar þar. Einnig er vert að minnst á að Ísland var eitt af fyrstu ríkjum heims til að gera aðgerðaáætlun um konur, frið og öryggi og störfum við nú eftir þriðju aðgerðaáætluninni.

Að lokum er rík ástæða til að nefna 30 ára afmæli íslenskrar landsnefndar UN Women árið 2019. Það var sérstaklega ánægjulegt að fá að taka þátt í sjónvarpssöfnun landsnefndarinnar fyrir brýnum verkefnum í Malaví í nóvember, en Ísland hefur verið í tvíhliða þróunarsamvinnusamstarfi við Malaví í rúm þrjátíu ár. Íslenska landsnefndin hefur ítrekað sýnt að hún er fremst meðal jafningja en þetta var fyrsta sjónvarpssöfnun UN Women í heiminum og styður landsnefndin ríkulega við verkefni UN Women um allan heim með mánaðarlegum fjárframlögum landsmanna.

Til hamingju með áfangann!

*Guðlaugur Þór Þórðarson,
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*

ÁVARP FORMANNS

Það má með sanni segja að árið 2019 hafi verið viðburðaríkt ár hjá UN Women á Íslandi og ber þá hæst að nefna að landsnefndin fagnaði þrjátíu ára starfsafmæli á árinu.

Fjölbreytt verkefni á árinu 2019

Á þessu þrítugasta starfsári UN Women á Íslandi var ákveðið að beina kastljósinu að baráttunni gegn þvinguðum barnahjónaböndum og var málefnið í forgrunni í fyrsta fræðslu- og söfnunarþætti landsnefndarinnar í sjónvarpi. Þátturinn *Stúlka – ekki brúður* var sýndur í beinni útsendingu á RÚV þann 1. nóvember þar sem sjónum var beint að Malaví og þeim verkefnum UN Women sem miða að því að uppræta þvinguð barnahjónabönd í því landi, en tíðni þvingaðra barnahjónabanda í Malaví er með því hærra sem gerist í heiminum. Um 20% íslensku þjóðarinnar horfði á þáttinn og fræddist um leið um verkefni UN Women. Þá lagði fjöldi fólks málefnið lið með því að hringja inn og gerast mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women á Íslandi.

Sérstök afmælissýning fór fram á heimildarmyndinni *Jaha's Promise* í Hörpu í byrjun september. Myndin fjallar um baráttu Jaha Dukureh gegn limlestingum á kynfærum kvenna í heimalandi sínu Gambíu. Jaha er velgjörðarsendiherra UN Women í Afríku og var viðstödd sýningu myndarinnar auk þess sem hún tók þátt í pallborðsumræðum að sýningu lokinni.

Að venju stóð UN Women á Íslandi fyrir ýmsum föstum viðburðum á árinu: *Dansbyltingin Milljarður rís* fór fram í sjöunda sinn og var haldin víða um land. Hin árlega *Ljósaganga* var leidd af Drífu Snædal, forseta ASÍ, undir yfirskriftinni *Kynbundið ofbeldi á vinnustöðum* og var kastljósinu beint að margvísleika kynbundis ofbeldis á vinnustöðum. Ný *Fokk Ofbeldi* húfa var kynnt til leiks og seldist upp á tveimur vikum. Þá hélt öflugur hópur götukynna uppi fræðslu um verkefni UN Women til gangandi vegfarenda víða á höfuðborgarsvæðinu og söfnuðu mánaðarlegum skráningum. Í fyrsta sinn gengu götukynnar einnig í hús á höfuðborgarsvæðinu í sama tilgangi. Öflugt Ungmennaráð UN Women hélt fjölda kynninga í skólum landsins og starfskonur á skrifstofu fræddu fyrirtæki og almenning um verkefni UN Women og árangur þeirra.

Hæsta framlagið fjórða árið í röð

Mikilvægasta starf UN Women á Íslandi er að afla fjár til alþjóðlegra verkefna UN Women. Á árinu 2019 sendum við rúmlega 127 milljónir króna til alþjóðlegra verkefna UN Women sem er hæsta fjárframlag allra landsnefnda til verkefna UN Women á árinu. Þetta er óháð höfðatölu og fjórða árið í röð sem landsnefndin nær þessum merka árangri.



Söfnunarfé UN Women á Íslandi er varið þannig að af hverjum 100 krónum sem gefnar eru til samtakanna fara rúmar 23 krónur í að afla næstu 100 króna til þess að hægt sé að valdefla enn fleiri konur og stúlkur á heimsvísu, en tæplega 5 krónur í rekstrar- og stjórnunarkostnað.

Fylgjendum UN Women á Íslandi á samfélagsmiðlum hefur farið fjölgandi með hverju árinu og hefur aukin áhersla verið lögð á samfélagsmiðla þegar kemur að kynningar- og fjáröflunarstarfi UN Women á Íslandi því þar er hægt að ná til breiðari hóps en hægt hefði verið með hefðbundnum leiðum.

Fjárfesting í fjáröflun hefur skilað sér í mikilli meðvitund og fjölgun ljósbera (mánaðarlegra styrktaraðila) á milli ára en aldrei hafa jafnmargir gengið til liðs við landsnefndina á einu ári. Stjórnin er þakklát fyrir það að sífellt fleiri láta sig varða um bága stöðu kvenna víða um heim og bætast í hóp ljósbera.

Höldum áfram því góðir hlutir gerast hægt

Verkefni UN Women eru stór og fjölbreytt en öll hafa þau sama markmið: Að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum, valdefla konur, styðja við konur á flóttu og í neyð og koma á raunverulegu jafnrétti. Okkur miðar í rétta átt, en framfarirnar gerast hægt og stundum virðist sem við förum tvö skref aftur á bak fyrir hvert skref sem tekið er áfram. Það er því gríðarlega mikilvægt að við höldum dampi og höldum áfram þessari mikilvægu vinnu – því breytingarnar gerast ekki án vinnunnar.

Við hjá UN Women Íslandi viljum þakka ljósberum og öllum þeim sjálfböðaliðum sem komu að starfinu á síðasta starfsári, takk fyrir að gefa tíma ykkar og krafta til UN Women. Við erum óendanlega þakklát fyrir allan þann stuðning sem einstaklingar, fyrirtæki, stjórnvöld og samstarfsaðilar hafa veitt landsnefndinni. Við hvetjum alla aðgerðasinna sem berjast fyrir jafnrétti, áfram til góðra verka. Framlög ykkar og okkar allra skipta miklu máli. Við trúum því að þau hafi fiðrildaáhrif til betri framtíðar og að einn daginn muni raunverulegt jafnrétti nást.

Arna Grímsdóttir,
formaður stjórnar UN Women á Íslandi

FJÁRÖFLUN



Sausydia Mpande, höfðingi í Malaví.

Mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women eru landsnefndinni gríðarlega mikilvægir. Hafa framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum verið árangursríkasta leið samtakanna til fjáröflunar síðastliðinn áratug, en 81% af framlagi landsnefndarinnar til verkefna á árinu söfnuðust með styrkjum frá ljósberum. Ómetanlegur stuðningur almennings gerir UN Women kleift að bæta líf kvenna og fjölskyldna þeirra um allan heim og þar skipta mánaðarleg framlög yfir 9.000 ljósbera sköpum.

Til að tryggja fjárhagslegan grunn verkefna sem samtökin sinna sem og að veita konum stuðning þar sem þörfin er mest, svo sem í kjölfar stríðs eða náttúruhamfara, var tæplega 81% framlaga frá ljósberum varið í svokölluð kjarnaframlög. 11% framlaga runnu beint í verkefni Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis, en sjóðurinn miðar að því að útrýma hvers kyns ofbeldi gegn konum og stúlkum. Átta prósent runnu svo til verkefna

UN Women í Malaví sem miða að því að uppræta þvinguð barnahjónabönd.

Mánaðarleg framlög


Aldrei hafa á einu ári jafnmargir styrktaraðilar gengið til liðs við samtökin, en tæplega 3.000 nýir ljósberar bættust í hópinn á árinu. Voru ljósberar orðnir rúmlega 9.200 í lok árs. Ljósberar eru fólk á öllum aldri og búa í öllum landshlutum. Mjög bættist í hóp styrktaraðila utan höfuðborgarsvæðisins á árinu, en 34% nýrra ljósbera eru búsettir utan þess, og hefur hlutfallið aldrei verið svo hátt. Tveir þriðju nýskráðra voru konur.

Árið 2019 var mikið kapp lagt á að starfrækja öflugt fjáröflunarteymi götukylnna, þar sem götukylnningar hafa í gegnum tíðina verið áhrifaríkasta leiðin til að ná til nýrra styrktaraðila og var þar engin breyting á þetta árið. Kröftugur hópur ungmenna setti svip sinn á borgina, í þetta sinn bæði með götukylnningum á fjölförnum stöðum

yfir sumartímamann sem og í jólaöðinni ásamt því að ganga í fyrsta sinn í hús á höfuðborgarsvæðinu á vormánuðum. Hópurinn átti fræðandi samtöl við landsmenn og bauð þeim að taka virkan þátt í starfinu með því að gestast ljósberar. Almennigur tók hópnum fagnandi og gengu götukylnningar vonum framur þetta árið: 1.500 manns skráðu sig í kjölfar samtalsins og hefur fjöldi nýskráðra í gegnum samtöl við götukylnna ekki verið meiri á einu ári.

UN Women á Íslandi leggur sig fram við að eiga í góðum samskiptum við ljósbera. Þeir heyra reglulega frá landsnefndinni; hvort sem það er með símtali, tölvupósti eða bréfi, þar sem þeim er þakkaður stuðningurinn, þeir fræddir um helstu verkefni UN Women og árangur þeirra og áfangasigra í baráttunni fyrir jafnrétti og bættum hag kvenna og stúlkna.

Fjöldi mánaðarlega styrkja



LJÓSBERAR UN WOMEN

Í tilefni 30 ára starfsafmælis samtakanna tók UN Women á Íslandi upp nýtt nafn fyrir mánaðarlega styrktaraðila. Nafnið var kynnt í sérstöku afmælisbréfi sem sent var á alla virka mánaðarlega styrktaraðila í október.

Nafnið *Ljósberar* varð fyrir valinu þar sem það vísar í hvernig mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women taka virkan þátt í að lýsa upp myrkur þeirra kvenna sem beittar eru misrétti og mannréttindi þeirra virt að vettugi. Ennfremur vísar nafnið beint í þau fjölmörgu verkefni sem UN Women á Íslandi hefur styrkt. UN Women hefur til að mynda dreift vasaljós um með sólarráflöðu til Róhingjakvenna sem dvelja í flóttamannabúðum í Banglades. Vasaljósinn gera konum kleift að fara um búðirnar eftir að myrkur skellur á. Þær lifa við stöðugan ótta við ofbeldi og kynferðislega misnotkun, en vasaljós er einföld og áhrifarík leið til að auka öryggi þeirra í búðunum. Jafnframt hefur UN Women styrkt verkefni sem miðar að því að bæta götulýsingu í borgum s.s. í Nýju Delí til að auka öryggi og draga úr ofbeldi gegn konum. Ljósberar UN Women á Íslandi eru nú yfir 9.000 talsins.



Stúlka – ekki brúður

Stærsta verkefni UN Women á Íslandi á árinu 2019 var fræðslu- og söfnunarþátturinn *Stúlka – ekki brúður* sem sýndur var í beinni útsendingu á RÚV þann 1. nóvember. Þetta var fyrsti fræðslu- og söfnunarþáttur UN Women á Íslandi og jafnframt fyrsti sjónvarpsþáttur sem nokkur önnur skrifstofa UN Women á heimsvísu leggur í. En til efnið var, líkt og áður hefur komið fram, 30 ára starfsafmæli UN Women á Íslandi.

Í þættinum var sjónum beint að Malaví og þeim skaðlega sið að þvinga barnungar stúlkur í hjónabönd en þar hefur önnur hver stúlka undir 18 ára aldri verið þvinguð í hjónaband. Markmið þáttarins var að fræða almenning á Íslandi um ástæður og afleiðingar þess að þvinga barnungar stúlkur í hjónabönd og kynna störf og verkefni UN Women í Malaví sem miða að því að uppræta þennan skaðlega sið, með megináherslu á fræðslu ásamt því að safna nýjum mánaðarlegum styrktaraðilum; ljósberum. Burðarefni þáttarins voru sex stuttar heimildarmyndir sem UN Women á Íslandi tók upp í Malaví. Auk heimildarmyndanna samanstóð þátturinn af fimm innlendum dagskrárliðum sem voru einnig framleiddir af UN Women á Íslandi. Uppsafnað áhorf á þættinum var 24%,

eða um 80.000 manns. Áhorf á þáttinn mældist örlítið meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Yfir 1.300 ljósberar bættust í hóp núverandi mánaðarlegra styrktaraðila UN Women á Íslandi í kjölfar þáttarins, ásamt því að yfir 500 manns styrktu átakið með stöku framlagi.



Fokk ofbeldi húfan

Efnt var til Fokk Ofbeldi átaks í janúar og ný húfa kynnt til leiks. Húfan var sú fjórða sem landsnefndin hefur sölu á, en Fokk Ofbeldi herferðin vekur athygli á og safnar fé til styrktar verkefnum UN Women sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum.

Húfan í ár var með endurskini svo almenningur gæti bókstaflega tekið þátt í að lýsa upp myrkur kvenna og stúlkna sem hafa þurft að þola ofbeldi. Húfan var seld í vefverslun UN Women á Íslandi og í verslunum Vodafone sem stóð jafnframt straum af öllum kostnaði við framleiðslu húfunnar. Átakinu lauk þann 14. febrúar á viðburðinum Milljarður rís í Hörpu. Þar var Fokk Ofbeldi hálsklúturinn einnig kynntur til sögunnar. Klúturinn var framleiddur í mjög takmörkuðu upplagi í tilefni 30 ára afmælis landsnefndarinnar.

Sala húfunnar gekk vel að vanda og seldist hún upp á örfáum vikum. Allur ágóði húfunnar, tæpar 15 m.kr, rann sem fyrr beint í Styrktarsjóð SP til afnáms ofbeldis gegn konum meðal annars til kvennaathvarfs fyrir Jasíðakonur í Írak. Konurnar sem sækja athvarfið voru neyddar í kynlífsþrælkun og hafa þurft að þola gróft kynferðisofbeldi af hendi liðsmanna vígasveita íslamska ríkisins. Áætlað er að um 7.000 Jasíðakonur hafi verið seldar í kynlífsþrældóm til liðsmanna vígasveitanna. Í athvarfinu fá þær áfallahjálp og aðstoð við að koma sér aftur af stað út í lífið. Hver og ein kona fær þriggja mánaða sálfræðiaðstoð og áframhaldandi aðhlyningu ef þarf.



Auður á styrktartónleikum UN Women í Hannesarholti 25.nóvember.

Auður hélt styrktartónleika

Tónlistarmaðurinn Auður hélt einlæga tónleika í Hannesarholti þann 25. nóvember til styrktar UN Women á Íslandi. Þar flutti hann tónlist sína í nýjum búningi ásamt Magnúsi Jóhanni Ragnarssyni píanóleikara, Matthildi Hafliðadóttur söngkonu og Svanhildi Lóu Bergsveinsdóttur sem lék á slagverk. Mikil aðsókn var á viðburðinn og komust færri að en vildu. Ástæða tónleika Auðar var velgengi plötu hans, Afsakanir sem hann gaf út í lok árs 2018 og vildi hann nýta tækifærið ári síðar og gefa til baka. Auður er alls ekki ókunnur UN Women því hann var um tíma sumarstarfsmaður hjá landsnefndinni. Tónleikagestir gátu valið sinn eigin aðgangseyri, allt frá 5.000 krónum og upp úr og þannig valið þá upphæð sem þeir styrktu samtökin um. Alls söfnuðust 745 þúsund krónur sem runnu óskiptar til UN Women á Íslandi.



Reykjavíkumaraþon

Árlegt Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fór fram þann 24. ágúst og sem fyrr gafst hlaupurum kostur á að hlaupa til styrktar góðu málefni. Alls tóku 39 einstaklingar á rás til styrktar UN Women á Íslandi og söfnuðust 404.000 krónur til verkefna UN Women. Starfskonur landsnefndarinnar, stjórn og ungmennaráð stóðu á hliðarlínu mараþonsins og hvöttu hlauparana áfram með látum og gleði. Starfsfólk og stjórn UN Women á Íslandi er afar þakklát öllum þeim einstaklingum sem söfnuðu áheitungum og tóku þannig beinan þátt í að bæta líf kvenna og stúlkna um allan heim.



Námsstyrkur stúlku í Malaví

Vel heppnaðri landssöfnun, sem hófst með þættinum *Stúlka – ekki brúður*, var fylgt eftir með sölu á nýrri táknrænni jólagjöf í lok nóvember. Jólástjarna UN Women á Íslandi árið 2019 var námsstyrkur til stúlku í Malaví sem hafði verið leyst úr þvinguðu barnahjónabandi. Með hverri keyptri jólastjörnu var stúlka styrkt um námsgögn og skólabúning svo hún gæti sest aftur á skólabekk eftir að þvinguðu barnahjónabandi hennar var rift. Salan gekk vonum frammar og keypti almenningur hátt í 1.200 jólastjörnur, en þetta var jafnframt í fyrsta sinn sem boðið var upp á rafræna útgáfu af jólagjöfinni sem send var beint til viðskiptavina í tölvupósti.



KYNNINGARSTARF OG FRÆÐSLA

Starfskonur UN Women á Íslandi sinna fræðslu og kynningum innan fyrirtækja og stofnana, m.a. með rakarastofuráðstefnum, fundum og fyrirlestrum. UN Women á Íslandi hefur jafnframt vakið athygli á ýmsum málefnum er snerta konur, ójöfnuð og kynbundið ofbeldi með reglulegum greinaskrifum og fjölmiðlaumfjöllunum. Þá veitir ungmennaráðið jafningjafraðslu um störf og verkefni UN Women.

Rakarastofa RSÍ

Á árinu stýrði UN Women á Íslandi rakarastofuráðstefnu í tengslum við ársþing Rafiðnaðarsambands Íslands. Markmið rakarastofuráðstefna er að auka þátttöku og vitund karla um ávinninginn sem hlýst af jafnrétti og skapa rými til að ræða jafnréttismál og hvernig megi verða virkari í baráttunni fyrir jafnrétti. Magnús Orri Schram, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður UN Women, og Þorsteinn V. Einarsson, ritstjóri Karlmannskunnar, héldu erindi á rakarastofuráðstefnu RSÍ en Þórey Vilhjálmisdóttir, stjórnarkona UN Women stýrði fundinum. Að erindum loknum ræddu þátttakendur þingsins í smærri hópum, kynbundna mismunun, hvernig virkja megi karlmenn enn frekar í jafnréttisbaráttunni og hvernig skapa megi menningu þar sem við njótum okkar öll, óháð kyni. Að ársþinginu loknu samþykkti Rafiðnaðarsamband Íslands að gerast bakhjarl UN Women á Íslandi til næstu fjögurra ára.

Ungmennaráð UN Women á Íslandi

Ungmennaráð UN Women á Íslandi var stofnað árið 2012 og er markmið þess að fræða ungmenni um ólíkar birtingarmyndir kynjamismunar og stöðu kvenna og stúlkna í fátækari ríkjum heims sem og á áttaksvæðum. Ungmennaráðið fer ólíkar leiðir í þessum efnum, en hafa ávallt vitundarvakningu og fjáröflun að leiðarljósi. Ný stjórn var kosin í ár og er hún skipuð formanni og fimm stjórnarmeðlimum. Öllum ungmönnum á aldrinum 16-30 ára er heimilt að taka þátt í starfi ungmennaráðsins.

Á árinu stóð ungmennaráðið fyrir fjölda áhugaverðra viðburða og kynninga, m.a. bingókvöldi, kröfugöngu þar sem fólk í leit að alþjóðlegri vernd var sýnd samstaða, tónleikum þar sem helstu söngkonur landsins komu fram, listaverkasamkeppni og umræðukvöldi um stöðu kúrdískra kvenna. Húsfyllir var á Hard Rock Café þar sem ræðukonur og -menn gerðu að umtalsefni hvort allir mættu kalla sig femínista og virðist umræðuefnið hafa vakið mikinn áhuga og forvitni fjölda fólks. Þá kom stjórn ungmennaráðsins að framkvæmd og skipulagi Ljósagöngu UN Women og Milljarðs rís ásamt starfskonum UN Women á Íslandi.





Fjölskyldur í breyttri veröld

UN Women gaf út á árinu skýrsluna *Progress of the World's Women 2019-2020: Families in a changing world*, sem fjallar um mismunun og mannréttindabrot sem framin eru innan veggja heimila heimsins. Skýrslan hefur að geyma tölu- legar staðreyndir um fjölskyldur á heimsvísu, út frá heimsálfum, landssvæðum sem og einstökum ríkjum. Samkvæmt skýrslunni er ofbeldi innan fjölskyldna oft á tíðum lífshættulegt, 137 konur eru myrtar daglega af fjölskyldumeðlimi sínum af ásettu ráði. Meðalgiftingaraldur hefur hækkað um allan heim og fæðingartíðni lækkað og heilt yfir hafa konur aukið efnahagslegt sjálfstæði. Konur taka aukin þátt á vinnumarkaði, en hjónabönd og móðurhlutverkið draga fyrst og fremst úr þátttöku kvenna á vinnumarkaði.

#MeToo ráðstefna á Íslandi

Alþjóðleg ráðstefna um áhrif #MeToo-hreyfingarinnar fór fram í Hörpu í september í tilefni þess að tvö ár voru liðin frá því að #MeToo-bylgjan hófst og konur um allan heim greindu frá kynferðislegu ofbeldi og kynbundinni og kynferðislegri áreitni. Ráðstefnan var liður í formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og skipulögð í samvinnu við RIKK – rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands. Við setningu ráðstefnunnar afhenti Purna Sen, sérfræðingur og talskona hjá UN Women gegn kynferðislegu ofbeldi og -áreitni, Katrínu Jakobsdóttur skýrslu UN Women undir yfyrskriftinni *What will it take? Promoting Cultural Change to End Sexual Harassment*. Í skýrslunni eru greindar þær breytingar sem taldar eru nauðsynlegar til að uppræta ójöfnuð og kynbundið ofbeldi, bæði formlegar breytingar og samfélagslegar.



Purna Sen

Hvatningarverðlaun

Hvatningarverðlaun jafnréttismála voru veitt í sjöunda sinn á árinu. Að verð- laununum standa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð og Háskóli Íslands en sérstakur samstarfs- aðili verkefnisins er UN Women á Íslandi.

Landvirkjun hlaut verðlaunin að þessu sinni og veitti Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunnar, verðlauninum viðtöku við hátíðlega athöfn í Háskóla Íslands í nóvember. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, veitti Landsvirkjun verðlaunin.

Markmið Hvatningarverðlaunanna er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem hafa markvisst stuðlað að jafnrétti og hvatt önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama. Aukin áhersla hefur verið lögð á jafnrétti á vinnumarkaði síðustu ár, enda krafan um að fyrirtæki og stofnanir sýni ábyrgð í verki orðin hávær.

Fræðsla um konur, frið og öryggi

Samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UN Women á Íslandi kveður á um að samtökin annist fræðslu friðargæsluliða og annarra sérfræðinga sem sendir eru út fyrir landsteinana á vegum stjórnvalda. Fræðslan lýtur að jafnréttismálum með sérstakri áherslu á ályktun öryggisráðs SP nr. 1325, sem varðar konur, frið og öryggi. En ályktunin fjallar m.a. um hvernig tryggja megi að konur taki með beinum hætti þátt í formlegum og óformlegum friðarferlum,

þ.á.m. friðarumleitunum, friðarsamningum og friðaruppbyggingu. Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi sér um að fræða starfsfólk skrifstofa utanríkisráðuneytisins og fjölda útsenda sérfræðinga og friðargæsluliða um ályktunina og mikilvægi samþættingar á kynjajafnrétti á öllum vettvöngum.

Kvennafundur SP

Í upphafi árs fór fram 63. fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW63) sem haldinn er árlega í New York. Fundurinn er sá stærsti sinnar tegundar í heiminum en helstu umfjöllunarefni hans árið 2019 voru félagsleg vernd fyrir konur, aðgengi að almenningsþjónustu og uppbygging innviða sem tekur mið af þörfum kvenna og gerir þeim kleift að njóta öryggis og lífsgæða. Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi og formaður stjórnar sóttu fundinn. Þá stóðu forsætis- og utanríkisráðuneytið fyrir ýmsum viðburðum í tengslum við fundinn, m.a. fund um þátttöku kvenna í friðarviðræðum sem haldinn var í samvinnu við Friðarsetrið á Höfða. Þar komu saman konur frá Íslandi, Írlandi, Kósóvó og Kongó og lýstu þeim grimma veruleika sem þær hafa þurft að búa við.

Kynnir starf UN Women á Íslandi

Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, Stella Samúelsdóttir, tók þátt á fundi stjórnar UN Women í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í maí. Þar sagði Stella frá starfi UN Women á Íslandi og þeim leiðum sem UN Women á Íslandi fer í vitundarvakningu, fjáröflun og þeim gríðarlega stuðningi sem velunnarar UN Women á Íslandi veita til verkefna UN Women.

Landsnefndafundur í Víetnam

Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi sótti fund landsnefnda og höfuðstöðva UN Women í Da Nang í Víetnam í lok september 2019. Á fundinum var m.a. farið yfir stöðu mála, gerð nýrra áætlana sem og verkefni UN Women skoðuð. Flest verkefnanna snúa að upprætingu ofbeldis gegn konum og stúlkum en einnig voru skoðuð HeForShe verkefni. HeForShe verkefnin ganga út á að fræða karlmenn sérstaklega um mikilvægi þessa að uppræta eittraða karlmennsku.



Stella Samúelsdóttir í New York.

MARGVERÐLAUNUÐ HERFERÐ UN WOMEN Á ÍSLANDI

HeForShe herferð UN Women á Íslandi sem var frumsýnd árið 2018, *Kynbundið ofbeldi er nær en þú heldur* hlaut fjölda verðlauna á árinu. Burðarefni herferðarinnar var myndband þar sem karlmenn og strákar voru hvattir sérstaklega til að beita sér gegn kynbundnu ofbeldi. Meðal þeirra verðlauna sem myndbandið hlaut árið 2019 voru verðlaun í flokki almannaheillauglýsinga á Lúðrinum í mars, verðlaun í flokki herferða á FÍT-verðlaununum, silfurverðlaun í flokknum „Moving Image“ á alþjóðlegu auglýsingaverðlaunahátíðinni CRESTA – The Creative Standards Organisation, verðlaun hjá ADC*E – Art Directors Club of Europe 2019 auk þess að hljóta gullverðlaun hinna virtu CLIO Awards.



Síðast en ekki síst var auglýsingin tilnefnd til Glerljónsins (Glass Lion) í Cannes og er þetta í fyrsta sinn sem íslensk auglýsing er tilnefnd til þeirra verðlauna.

Þróunarsamvinna ber ávöxt

Átakið *Þróunarsamvinna ber ávöxt* var endurvakið á árinu og að þessu sinni var lögd áhersla á mikilvægi þátttöku fyrirtækja í þróunarsamvinnu. Hápunktur átaksins var málstofan Þátttaka fyrirtækja í þróunarsamvinnu sem fór fram þann 10. september en markmið hennar var að kynna fyrir fyrirtækjum, stórum sem smáum, tækifæri og ávinning þess að styðja við alþjóðlega þróunarsamvinnu. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Rauði Krossinn, UN Women, UNICEF, SOS barnaþorpin, Barnaheill, ABC barnahjálp, Kristniboðssambandið, Hjálparstarf kirkjunnar, Sól í Tógó og utanríkisráðuneytið stóðu saman að átakanu. Fyrir hönd allra samtakanna kynnti Stella Samúelsdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi hvaða leiðir fyrirtæki geta farið í þróunarsamvinnu sem og sagði frá þeim ávinningi sem fyrirtæki hljóta af slíkri samvinnu.

Samfélagsmiðlar

Umsvif kynningarstarfs landsnefndarinnar á samfélagsmiðlum jukust töluvert á árinu 2019. Kynning árlegra viðburða á borð við sölu á Fokk Ofbeldi húfunni og viðburðinum Milljarður Rís og Ljósagöngunni fór að mestum hluta til fram á stafrænum miðlum. Þá gegndu samfélagsmiðlar veigamiklu hlutverki í kynningu og eftirfylgni á söfnunarátakinu *Stúlka - ekki brúður* og auglýsingar á jólagjöf UN Women var alfarið auglýst og kynnt á samfélagsmiðlum samtakanna. Utan stærri kynningarátaka nýttust samfélagsmiðlarnir vel í að flytja fylgjendum og styrktaraðilum fréttir af starfi UN Women, afrekum kvenna og áfangasigrum í réttinda-baráttunni. Fylgjendum samtakanna á Instagram fjölgaði um tæpan helming á árinu og fjöldi fylgjenda á Facebook var kominn hátt upp í 23.000 manns í lok árs.



Stella Samúelsdóttir á málstofu
Þróunarsamvinnu ber ávöxt í september.



HEIMSMARKMIÐIN NÁST EKKI ÁN JÖFNUÐAR

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna haustið 2015. Heimsmarkmiðin eru metnaðarfull framtíðarsýn og eigi þau að verða að veruleika fyrir 2030 krefjast þau þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila um allan heim.

Markmiðin eru sautján talsins og miða að því að auka sjálfbærni og jöfnuð. **Markmið númer 5** (Jafnrétti kynjanna) kveður á um að jafnrétti kynjanna verði tryggt fyrir 2030, að öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin sem og allt ofbeldi gagnvart konum og stúlkum.

Þá kveður **markmið 5** á um að allir skaðlegir siðir, líkt og þvinguð barnahjónabönd og limlesting kynfæra kvenna og stúlkna, verði lagðir niður. Ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf verði viðurkennd og metin og að ýtt verði undir sameiginlega ábyrgð innan fjölskyldunnar, þ.m.t. á heimilinu, eins og við á í hverju landi. Aðildarríkin skuldbinda sig jafnframt til að tryggja virka þátttöku kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi. Tryggja á jöfn tækifæri og rétt allra til kynheilbrigðis og umbætur skulu vera gerðar svo konur hafi jafnan rétt á sviði efnahagsmála, eignarhalds, jafnan rétt á arfi og jafnt aðgengi að fjármálaþjónustu og náttúruauðlindum.



Önnur markmið koma einnig inn á málefni kvenna, t.a.m. **markmið 10** um aukinn jöfnuð. Samkvæmt **markmiði 10** hafa aðildarríki skuldbundið sig til að tryggja að allir geti haft afskipti af efnahagsmálum og stjórnámálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna eða trúarbragða.

Samkvæmt **markmiði 4**, sem fjallar um rétt til menntunar, hafa aðildarríki skuldbundið sig til að tryggja að öll börn ljúki góðri grunnskólamenntun og að allir, óháð kyni, hafi jafnan aðgang að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi á viðráðanlegu verði. Þá kveður **markmið 3**, heilsa og vellíðan, á um að ríki fækki dauðsföllum af völdum barnsburðar og tryggi að kynheilbrigði verði fellt inn í landsáætlanir.

Ljóst er að heimsmarkmiðum SP verður ekki náð nema að raunverulegt jafnrétti verði náð. Nú eru því tíu ár til stefnu!



VITUNDARVAKNING

Mikilvægur hluti starfs UN Women á Íslandi er að vekja almenning til vitundar um verkefni stofnunarinnar, mikilvægi þess að auka jafnrétti og bæta stöðu kvenna og stúlkna um heim allan. UN Women á Íslandi gerir þetta m.a. með kynningarherferðum og átökum á samfélagsmiðlum og með opinberum viðburðum.

Milljarður rís 2019

UN Women á Íslandi stóð fyrir dansbyltingunni *Milljarður rís* í sjöunda sinn á árinu. Viðburðir voru haldnir víða um land, en sá stærsti fór fram í Silfurbergi í Hörpu. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, ávarpaði samkomuna en hún hafði þá nýlega þurft að þola ofbeldisfulla hatursorðræðu af hálfu samstarfsfélaga sinna. Í ávarpi sínu sagðist ráðherra staðráðin í að nýta þá reynslu til að berjast gegn ofbeldi.

Að vanda lék DJ Margeir fyrir dansi og naut að þessu sinni liðsinnis úrvalslíðs íslensks tónlistarfólks, m.a. diskódúettsins Pú og ég, Amabadama, Auðar, Svölu Björgvins, GDRN, Cell7, Högna Egilssyni og Daníel Ágústi. *Milljarður rís* var einnig haldið á Akureyri, Seyðisfirði, Neskaupstað, Egilsstöðum, Sauðárkróki og Hólmavík. Dansbyltingin er alþjóðlegur viðburður sem haldinn er árlega um allan heim. Viðburðurinn var fyrst haldinn árið 2012 og fór þá fram í um 160 löndum. Upphafskona *Milljarður rís* er aðgerðarsinninn og leikskáldið Eva Ensler (höfundur Píkusagnanna) sem skipulagði viðburðinn til að vekja athygli á því samfélagsmeini sem kynbundið ofbeldi er og mótmæla því viðhorfi að ofbeldi

sé með einhverjum hætti konunum að kenna.

Ljósaganga

Hin árlega Ljósaganga fór fram þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Yfirskrift ljósagöngunnar þetta árið var *Kynbundið ofbeldi á vinnustöðum* og var kastljósinu beint að kynbundnu ofbeldi á vinnustöðum sem birtist



Drifa Snædal.

meðal annars í launasetningu, áreitni og möguleikum á framgangi. Drifa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands, flutti barátturæðu á Arnarhóli og leiddi

gönguna sem leið lá að Bríetartorgi, þar sem Barnakór Kársnesskóla tók á móti hópnum með söng. Á sama tíma var Harpa lýst upp í appelsínugulum lit, sem er táknrænn litur vonar um bjarta framtíð, lausa við ofbeldi gegn konum og stúlkum. Sem fyrr markaði gangan upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN Women á Íslandi ásamt öðrum félagasamtökum hér á landi eru í forsvari fyrir.

Velgjörðarsendiherra heimsækir Ísland

Í tilefni af 30 ára afmæli landsnefndar UN Women á Íslandi stóðu samtökin fyrir hátíðarsýningu á heimildarmyndinni



Jaha Dukureh heimsækir Bessastaði.

Jaha's Promise þann 5. september í Hörpu. Myndin fjallar um baráttu Jaha Dukureh, velgjörðarsendiherra UN Women í Afríku, gegn þvinguðum

barnahjónaböndum og limlestingum á kynfærum kvenna í heimalandi hennar, Gambíu. Sjálf þurfti hún að þola limlestingu á kynfærum sínum aðeins viku gömul og var 15 ára gömul þvinguð til að giftast eldri manni búsettum í Bandaríkjunum. Hún er ein helsta baráttukona heims gegn þessum skaðlegu siðum og á hve stærstan hlut í þeim áfangasigri baráttunnar, þegar limlestingar á kynfærum kvenna voru bannaðar með lögum í Gambíu árið 2015. Jaha var viðstödd sýninguna og tók þátt í pallborðsumræðum að henni lokinni ásamt Sóleyju Bender prófessor, Evu Harðardóttur uppeldis- og menntun- arfræðingi og Stellu Samúelsdóttur,

framkvæmdastýru UN Women á Íslandi. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands stýrði umræðum og var viðburðurinn sóttur af fjölda velunnara og samstafsaðila UN Women á Íslandi. Á meðan á heimsókn Jaha stóð var viðtal tekið upp við hana sem var svo sýnt í þættinum *Stúlka – ekki brúður*. Eins átti hún fund með forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, á Bessastöðum og fundaði með ráðuneytisstjóra Utanríkisráðuneytisins.

Bjöllunni hringt í þágu jafnréttis

Haldið var upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna um allan heim þann

8. mars. Þetta árið var dagurinn til- einkaður nýsköpun og efnahagslegri valdeflingu kvenna. UN Women á Íslandi hélt meðal annars upp á daginn með því að hlusta á erindi Sigynar Jónsdóttur, formanns Ungra athafna- kvenna, í Kauphöll Íslands í tilefni Hringjum bjöllunni. Viðburðurinn er haldinn árlega í kauphöllum um allan heim og er ætlað að vekja athygli á því að jafnrétti kynjanna er nauðsynlegt til að drifa áfram alþjóðlegt efnahagslíf. Í erindi sínu kallaði Sigyn eftir því að glerþakið í fjármálageiranum yrði brotið til frambúðar

„EIGINMAÐUR MINN HAFÐI ÖLL VÖLD“

UN Women vinnur að afnámi þving- aðra barnahjónabanda með ólíkum leiðum. Starfsfólk UN Women í Malaví leggur allt kapp á að breyta viðhorfum almennings, sérstaklega í dreifbýli þar sem fátæktin er mikil og þörfin mest. Þetta gerir UN Women m.a. með því að vinna náið með héraðs- og þorpshöfðingjum og mæðrahópum. UN Women veitir þeim fræðslu og þjálfun við að beita hinum nýju lögum og fyrir þeirra tilstuðlan hefur þús- undum barnahjónabanda verið rift undanfarin þrjú ár. UN Women veitir einnig stúlkum fjárstyrk til að hefja skólagöngu sína á ný eftir að hjóna- bandi hefur verið rift.

Í þættinum *Stúlka – ekki brúður* kynntust áhorfendur hinni tvítugu Aishu, sem var gift aðeins fimmtán ára gömul. Aisha tók ákvörðun um að rifta hjónabandinu eftir að hafa fengið heimsókn frá þorpshöfðingj- anum, en sá hafði hlotið fræðslu frá UN Women um skaðsemi þvingaðra barnahjónabanda.

„Ég hélt að hjónaband myndi bjarga mér úr viðjum fátæktar. En eftir þessa erfiðu reynslu veit ég að hjónaband leysir engan vanda. Það er engin hamingja í barnahjónabandi. Maðurinn er orðinn þroskaður en



stúlkan ekki. Vegna valdamunar koma eiginmennirnir illa fram við stúlkurnar og beita þær allar gerðir af ofbeldi, líkt og kynferðislegu-, líkamlegu- og andlegu ofbeldi.

Ég áttaði mig fljótlega á því að vera gift svona barnung er ekki gott á neinn hátt. Eiginmaður minn hafði öll völd, var miklu eldri og stærri og ég fékk ekki að njóta lífsins. Barnahjónabönd leysa engan vanda í lífi ungra stúlkna. Þegar höfðinginn sagði mér að yfirvöld og UN Women

myndu styðja mig aftur til náms, ákvað ég að skilja og fara aftur í skóla,” sagði Aisha. Hún á fjögurra ára gamla dóttur sem lifir í þeirri trú að amma hennar og afi séu foreldrar hennar. Aisha kveðst vilja vera fyrirmynd fyrir dóttur sína og aðrar stúlkur í hennar stöðu. Hún stefnir á að verða lögreglu- kona og þannig nýta reynslu sína í að aðstoða stúlkur sem hafa verið giftar barnungar.



FJÁRMÁL

Tekjur UN Women á Íslandi árið 2019 námu rúmlega 225 m.kr, sem er aukning um 18% á milli ára. Framlög ljósbera, mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna, voru líkt og síðastliðin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna og námu framlögin rúmum 150 m.kr og jukust því um 30% á milli ára. Rekstrartekjur til fjáröflunar og kynningarmála sem og aðrir styrkir námu tæpum 75 m.kr.

Að vanda voru það ljósberar UN Women á Íslandi sem gegndu lykilhlutverki í fjáröflun samtakanna árið 2019 en tæplega 81% af framlagi UN Women á Íslandi til alþjóðlegra verkefna söfnuðust í gegnum mánaðarleg framlög þeirra. Kostnaður við fjáröflun, fræðslu- og kynningastarf var 84.570.112 m.kr. en með aukinni áherslu á fjáröflun gengu 3.000 nýir ljósberar í hópinn á árinu og styðja því mánaðarlega við starf UN Women. Ljósberar eru bakbein baráttunnar fyrir bættum hag kvenna og gera auk þess UN Women kleift að bregðast við hratt og örugglega þar sem neyðin er mest hverju sinni.

Framlag UN Women á Íslandi til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2019 nam rúmlega 127 m.kr. og jókst um 20 m.kr. frá árinu 2018 eða um 19%. Framlöggin gerðu UN Women

kleift að styðja við verkefni sem miða að því að bæta stöðu kvenna og stúlkna víða um heim. Haldið var áfram að styðja við verkefni með lítinn fjárhagslegan stuðning og bregðast við neyð svo sem með því að valdefla konur

og stúlkur á hamfarasvæðum og veita þeim öryggi ásamt því að styðja við Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum líkt og fyrri ár.

Helstu tekjur og gjöld

TEKJUR

Söfnunarfé ljósbera til verkefna UN Women	150.454.040
Annað söfnunarfé til verkefna UN Women	26.898.251
Félagsgjöld	927.000
Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið	13.000.000
Styrkir til fjáröflunar- og kynningarstarfs á Íslandi	46.948.679

SAMTALS

225.227.970

ÚTGJÖLD

Kostnaður við fjáröflun	59.970.343
Kostnaður við fræðslu- og kynningarstarf	24.599.769
Annar rekstrar- og stjórnunarkostnaður	17.690.212

SAMTALS

102.260.324

Framlög til verkefna UN Women

Malaví til upprætingar á þvinguðum barnahjónaböndum	10.000.000
Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum	14.621.000
Framlag í kjarnasjóð UN Women	102.605.446


Heildarframlag til verkefna UN Women

127.226.446


Megináhersla ársins var þó að afla fjár til að uppræta þvinguð barnahjónabönd í Malaví í gegnum landssöfnun á Rúv í nóvember sem og með tákrænni jólagjöf því verkefni til stuðnings. Er þetta stærsta verkefni og fjárfesting sem UN Women á Íslandi hefur ráðist í. Söfnuðust samtals 10 m.kr til Malaví og á annað þúsund nýrra mándarlegra styrktaraðila sem auka reglulega innkomu samtakana til muna á næstu árum. Annað söfnunarfé frá einstaklingum, fyrirtækjum og söluvarningi nam 26.898.251 kr. Vegna framlaga og styrkja frá fyrirtækjum og opinberum stofnunum til reksturs, fjáröflunar og kynningarstarfs var mögulegt að senda 72% af öllu söfnunarféi samtakanna til alþjóðlegra verkefna UN Women. Á árinu 2020 mun að minnsta kosti 75% af öllu söfnunarfé renna til verkefna stofnunarinnar.

Markmið stjórnar er ávallt að reyna að skila rekstri félagsins sem næst núlli ár hvert, þar sem félagið sendir nær alla innkomu til verkefna UN Women á heimsvísu.

Tekjur UN Women á Íslandi af samstarfssamningi við utanríkisráðuneytið voru 13 m.kr. Samningurinn hefur í för með sér samstarf beggja aðila á ýmsum sviðum. Aðrir rekstrarstyrkir til landsnefndarinnar námu tæplega 48 m.kr. og greiddu félagsmenn þar af tæplega 1 m.kr. í félagsgjöld.



Söfnunarfé UN Women á Íslandi var varið þannig að af hverjum 100 krónum sem gefnar voru til samtakanna fóru rúmar 23 krónur í að afla næstu 100 króna til þess að valdefla enn fleiri konur og stúlkur í erfiðri stöðu, á heimsvísu, en tæplega 5 krónur í rekstar- og stjórnunarkostnað.



Ráðstöfun söfnunarfés
UN Women á Íslandi 2019

- Til verkefna UN Women á heimsvísu
- Öflun nýrra styrktaraðila
- Stjórnun og rekstur



SAMSTARF VIÐ UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

UN Women á Íslandi á í farsælu samstarfi við utanríkisráðuneytið. Samstarfið er mikilvægt við framkvæmd og samþættingu tveggja lykilmarkmiða utanríkisstefnu Íslands; annars vegar stuðla að jafnrétti kynjanna og hins vegar efla þróunarsamvinnu.

Samstarfið gagnast einnig vel fyrir aukið upplýsingaflæði milli starfskvenna UN Women á Íslandi, fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, utanríkisráðuneytisins og höfuðstöðva UN Women í New York. Utanríkisráðuneytið veitir samtökunum dýrmætt fjárframlag sem gerir samtökunum kleift að vekja almenning til vitundar um bága stöðu kvenna og stúlkna víða um heim og þau framfaraskref sem eiga sér stað í réttindabaráttu kvenna.

Samkvæmt samstarfssamningnum veitir UN Women á Íslandi einnig fræðslu til friðargæsluliða og annarra útsendra sérfræðinga á vegum íslenskra stjórnvalda um jafnréttismál með sérstaka áherslu á ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 er varðar konur, frið og öryggi. Einnig er starfsfólki ráðuneytisins frjálst að óska eftir umsögn eða innleggi UN Women á Íslandi vegna starfa eða málefna á alþjóðlegum vettvangi sem snúa að jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna. Síðast en ekki síst leiðir UN Women á Íslandi vitundarvakningu hér á landi um HeForShe, sem hvetur sérstaklega karlmenn og stráka til að beita sér fyrir kynjajafnrétti og hefur komið að undirbúningi rakarastofuráðstefna og skipulagt umræðustjórnun í vinnustofum slíkra ráðstefna.

UN Women er ein af þremur lykilstofnunum í þróunarsamvinnu Íslands og er ánægjulegt að segja frá því að jafnréttismál eru þverlæg í öllum verkefnum sem Ísland styrkir. Á árinu 2019 nam heildarframlag utanríkisráðuneytisins til UN Women rúmlega 261.1 milljóna króna. Veitt var kjarnaframlag til UN Women sem nam 133.9 milljónum króna sem er starfi stofnunarinnar afar mikilvægt til að festa sig enn frekar í sessi. Kjarnaframlagið tryggir UN Women svigrúm til að veita fé til aðkallandi verkefna á átaka- og hamfarasvæðum þar sem bregðast þarf skjótt við. Framlag ráðuneytisins til

landsnefndarinnar, UN Women á Íslandi, nam 13 milljónum króna. Utanríkisráðuneytið veitti einnig framlag upp á tæpar 70 milljónir króna til verkefnis UN Women sem stuðlar að pólitískri valdeflingu kvenna með fjölbreyttum aðgerðum (e. Women's Political Empowerment and Leadership), framlag sem nam tæpum 21 milljónum króna var veitt til verkefnis UN Women, Eid bi Eid II í Jórdaníu, starfsemi griðastaða UN Women í Jórdaníu fyrir konur á flótta, styrkur upp á 3.7 milljónir króna var veittur vegna tveggja Rakarastofuráðstefna í Malaví sem haldnar voru seinni hluta árs 2018, framlagi sem nam 9.4 milljónum króna var varið til verkefnis á þróun jafnréttisáætlunar fyrir 1325 (konur, frið og öryggi) í Malaví, rúmlega 12.6 milljóna króna framlagi var varið í stöðu sérfræðings á sviði jafnréttis- og mannúðarmála hjá UN Women Ankara í Tyrklandi auk framlags vegna verkefnis til afnáms ofbeldis á vegum UN Women í Afganistan sem nam tæplega 10.5 milljónum króna.

Við hjá UN Women á Íslandi eru þakklát ómetanlegu samstarfi við utanríkisráðuneytið. Kynjajafnrétti og barátta fyrir bættum hag kvenna er einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands og er íslenska landsnefndin stolt af því að styðja við þau verkefni í gegnum það farsæla samstarf.





OVERVIEW

FUNDRAISING

Monthly donors

UN Women Iceland relies solely on contributions from the public, in the form of monthly donations, and grants from the private sector. Monthly donors remain UN Women Iceland's main fundraising source and their numbers continue to increase year by year. In 2019 it was decided to give UN Women Iceland's trusted monthly donors a new and more fitting name: Ljósberi (Bearers of Light). The name-change was done in celebration of UN Women Iceland's 30th anniversary and represents the light donors help bring into the lives of women and girls around the world, both metaphorically and literally.

Around 3,000 people signed up as new monthly donors in 2019. By the end of 2019, the number of monthly donors had risen to roughly 9,200 – More than a thousand new monthly donors signed up during UN Women Iceland's very first fundraising television show: *Girl – not a bride* that was broadcast live on the National Broadcasting Service in November. Of those who signed up as monthly donors in 2019, 34% reside outside of the Greater Capital Area, an all-time high. The funds gathered through *Girl – not a bride*, were designated for UN Women projects that focus on ending early and forced child marriages in Malawi.

In 2019, UN Women Iceland maintained its committed support to the United Nations Trust Fund to End Violence against Women along with Core contributions that fund the bedrock of UN Women's programmes world-wide. What more, loyal monthly donors enabled the NCI to send the highest total contribution of all National Committees to UN Women projects in 2019, for the fourth consecutive year.

Face-to-face fundraising

Face-to-face campaigning is an informative dialogue between the public and UN Women Iceland's part-time employees, which continues to be the most effective way to recruit new donors. Outbound telemarketing was another channel that proved successful when recruiting new donors. Outbound telemarketing also allows the NCI to keep in contact with current donors and inform them on UN Women projects and how their support allows UN Women to continue empowering women and girls all over the world.

Reykjavík Marathon

Thirty-nine runners ran for UN Women Iceland during the annual Reykjavík Marathon which took place in August. The runners raised over 3,000 USD in donations for the NCI. As has become custom, UN Women Iceland employees, board members, and members of the Youth Council stood on the side-lines, cheering the runners on.

Symbolic gifts

UN Women Iceland offers a variety of symbolic gifts as an alternative to conventional gifts. These include a computer course for a woman living in the Zaatar camp in Jordan, an ID card for three women in Egypt, a scholarship for a girl in Malawi, and dignity kits for refugee women in Jordan and Bangladesh. These symbolic gifts have grown in popularity in the past years, especially around milestone events such as major anniversaries, graduation, and Christmas.

AWARENESS RAISING

One Billion Rising

UN Women Iceland organized the global solidarity movement One Billion Rising (Milljarður Rís) for the seventh time this year. Events were held at numerous locations around the country at the same time, the largest of which took place in Harpa Concert Hall in Reykjavík. DJ Margeir oversaw the music for the event in Harpa with various well-known artists performing live with him. One Billion Rising is a global campaign to end rape and sexual violence and was initiated by play-write and activist Eve Ensler. The billion refers to the UN statistic that one billion women will have experienced sexual violence in her lifetime.



Candlelight March

UN Women Iceland's annual Candlelight March took place on November 25th, in celebration of International Day for the Elimination of Violence against Women. The day is dedicated to raising awareness about the fact that women around the world continue to be subjected to rape, domestic violence, and other forms of violence and discrimination. Women in Iceland rallied under the slogan #SafeAtWork and demanded that gender-based violence and harassment in the world of work be eliminated. The march was led by Drífa Snædal, president of the Icelandic Confederation of Labour ASÍ, who is also the first woman to head the union since its establishment in 1916.

Workplace and School Visits

Members of UN Women Iceland's Youth Council and UN Women staff members continued to visit numerous schools and workplaces to promote the work and projects of UN Women. The Youth Council held over 40 school presentations in 2019 and were extremely well received by teachers and students alike.

Conference on Equal Rights Affairs

The annual Award for Gender Equality in the Workplace took place at the University of Iceland in November. Landsvirkjun was presented with the award for its commitment to advancing gender equality within its workspace. The Award for Gender Equality in the Workplace is an annual event held by UN Women Iceland in collaboration with the University of Iceland, Festa – the Icelandic Centre for Corporate Social Responsibility, SA – Business Iceland, and the Ministry of Tourism, Industry, and Innovation. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, Minister of Tourism, Industry and Innovation, granted Landsvirkjun the award during a forum on gender equality and equal opportunities in the labour market. Other speakers at the event were Jón Atli Benediktsson, rector of the University of Iceland, Hilmar Sigurðsson, CEO of Saga Film that received the award in 2018, Ásdís Ýr Pétursdóttir, with Icelandair, and Dr. Ólöf Júlíusdóttir, Phd in Sociology.

The award is meant to encourage Icelandic businesses to further work towards gender diversity.

ADVOCACY

Government support

UN Women Iceland and the Ministry for Foreign Affairs have an ongoing recognition agreement which dictates that the MFA contributes 13 million ISK to UN Women Iceland, which in turn works closely with the Ministry on issues relating to women's empowerment. Special emphasis is on the Security Council's Resolution 1325, regarding women, peace and security and other related resolutions and all awareness raising for the HeForShe movement and Barbershop events. UN Women continues to receive support from the Icelandic Government and is one of four core groups that receive funding from the MFA. The financial support includes a core contribution to UN Women as well as other smaller contributions to other UN Women's initiatives.



VIÐ ERUM ...



Stjórn UN Women á Íslandi árið 2019-2020

Formaður, Arna Grímsdóttir
Varaformaður, Fanney Karlsdóttir
Gjaldkeri, Kristín Ögmundsdóttir
Stjórnarmeðlimir, Bergur Ebbi Benediktsson,
Magnús Orri Schram, Ólafur Stefánsson
Soffía Sigurgeirsdóttir, Örn Úlfar Sævarsson
og Þórey Vilhjálmisdóttir.

Aðalfundur UN Women á Íslandi var haldinn 11. apríl í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna við Laugaveg 176. Engar breytingar urðu á stjórnarmeðlimum þetta árið. UN Women á Íslandi þakkar stjórn fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.



Starfskonur UN Women á Íslandi 2019

Framkvæmdastýra, Stella Samúelsdóttir
Fjáröflunarstýra, Snædís Baldursdóttir
Herferða- og kynningarstýra, Marta Goðadóttir
Rekstrarstýra, Elsa Kristjánsdóttir
Sérfræðingur á samfélagsmiðlum, Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir
Fjáröflunarfulltrúi, Krista María Finnbjörnsdóttir
Verkefnastýra, Sara McMahon

F.v. Snædís, Marta, Krista, Stella, Elsa, Hekla, Sara.

ÞAKKIR

Allan Sigurðsson
Alvogen
Anna Steinsen
Auður
Baldur Már Arngrímsson
Berglaug Petra Garðarsdóttir
Brauð & co
DJ Margeir
Drífa Snædal
Eliza Reid
Emilíana Torrini
Eva María Jónsdóttir
GDRN
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Íris Björg Kristjánsdóttir
Laimonas Baranauskas
Leikarar í skemmtiefni *Stúlka – ekki brúður*
Litróf - *umhverfissvottuð prentsmiðja*

Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir/Lay Low
Marapónhlauparar
Oddi
Rafiðnaðarsamband Íslands
Ragnar Bjarnason, heitinn
Reitir fasteignafélag hf.
RÚV
Saga Sig.
Síminn
Sjálfbóðaliðar
Starfsfólk Hörpu
Strætó bs.
Ungmennaráð UN Women á Íslandi
Unnsteinn Manúel Stefánsson
Vodafone
Þátttakendur í herferðum
Þóra Karítas Árnadóttir
66° Norður

